

Nd.

579. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og aflað sér upplýsinga um ýmis atriði þess. Undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn, sem skipa meiri hl., áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Tveir háttv. nm., MK og SE, munu skila séráliti.

Eins og heiti frv. ber með sér, er efni þess tvíþætt. Annars vegar fjallar frv. um breytta skipan prestakalla og prófastsdæma og nokkra fjölgun prestsembættta, sem ekki eru bundin við sérstök prestaköll, hins vegar fjallar frv. um kristnisjóð. Meiri hl. nm. telur, að með þeirri breytingu á skipan prestakalla, sem frv. gerir ráð fyrir frá því, sem nú er, sé stefnt í rétta átt og til samræmis við þá þjóðfélagsháttu, sem við búum við í dag. Fólkinu hefur fækkað í strjálbýlinu og því eðlilegt, að fámenn prestaköll séu sameinuð í eitt, enda auðvelda allvíðast hvar bættar og batnandi samgöngur slíka sameiningu.

Álitamál hlýtur það þó ávallt að verða, hversu langt á að ganga á þessari braut, og þess er ekki að dyljast, að mörgu fólki er það ekki sársaukalaust, að forn prestsetur, sem mörg hver eiga merka sögu, séu lögð niður og prestaköll sameinuð öðrum. En þess ber einnig að gæta, að flest þau prestaköll, sem frv. gerir ráð fyrir að sameinuð verði öðrum köllum, hafa verið prestslaus um lengri eða skemmri tíma og sum hver um áratugi.

Segja má því, að sá samruni prestakalla, sem stefnt er að með frv., sé nánast viðurkenning á því, sem orðið er. Og þá raunasögu er að segja af mörgum hinna prestslausu prestssetursjarða, að þær hafa niðzt niður og orðið aftur úr í framkvæmdum, í byggingum og jarðabótum.

Þegar við 1. umr. frv. í hv. Nd. var flutt brtt. á þskj. 431, þess efnis, að Árnessprestakall í Strandasýslu verði áfram sérstakt prestakall, en verði ekki sameinað Hólmavíkurprestakalli. Meiri hl. nm. mælir með samþykkt þessarar brtt. Vegna vegalengdar og torleiðis hlýtur það að vera öndvert fyrir prest búsettan á Hólma-vík að þjóna þessu kalli. Þá hafa þinginu borizt eindregnar áskoranir frá íbúum Árnessprestakalls um það, að prestakallið fái að haldast. N. þykir rétt, að á það sé reynt, hvort ekki fáist prestvígður maður til að starfa meðal þess fólks, sem byggir þetta norðlæga prestakall.

Annar kafli frv. fjallar um stofnun kristnisjóðs og hlutverk hans. Með þessari sjóðsmyndun eru kirkjunni ætluð nokkur sjálfstæð fjárráð. Það er álit meiri hl. nm., að kristnisjóður geti, ef vel er á haldið, orðið til þess að örva og efla kirkjulega starfsemi í landinu þjóðinni allri til góðs.

Alþingi, 15. apríl 1970.

Benedikt Gröndal,
form.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Gunnar Gíslason,
frsm.

Birgir Kjaran. Tómas Árnason.